

Happdrættinu er heimilt að bjóða vinninga í skyndihappdrætti sem greiddir eru með reglubundnum útborgunum í ákveðinn tíma, enda komi fram í vinningaskrá fjárhæð hvernar greiðslu, lengd greiðslutímabils og tíðni greiðslna. Í tilviki slíks vinnings fær vinningshafi í hendur skuldabréf frá viðurkennndri fjármálastofnun sem tryggir rétt hans til útgreiðslu fjárhæðar samkvæmt vinningaskrá. Skuldabréfið skal gefið út þegar vinningsmiða er framvísað og miðast lengd greiðslutímabils við útgáfudag. Framsal happdrættisins á skuldabréfi til vinningshafa jafngildir greiðslu þess á slíkum vinningi.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum um Happdrætti Háskóla Íslands, nr. 13 13. apríl 1973, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 23. október 2000.

Sólveig Pétursdóttir.

Björn Friðfinnsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerðum er varða tollamál.

I. KAFLI

Breyting á reglugerð nr. 526/2000, um tollmeðferð vara sem ferðamenn og farmenn hafa með sér til landsins.

1. gr.

Við 3. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Skipstjóra, yfirstýrimanni, yfirvélstjóra og bryta, svo og matsveinum á farþega- og vöruflutningaskipum er heimilt að taka aukalega til risnu um borð jafnstóran skammt og þeir hafa skv. 1. mgr.

II. KAFLI

Breyting á reglugerð nr. 719/2000, um undanþágu aðflutningsgjalda af aðföngum til ýmissar atvinnustarfsemi.

2. gr.

Í stað orðanna „tollstjórans í Reykjavík“ í 3. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar kemur: tollstjóra þar sem vara var tollafgreidd.

III. KAFLI

Breyting á reglugerð nr. 160/1990, um tímabundinn tollfrjálsan innflutning bifreiða og bifhjóla, með síðari breytingum.

3. gr.

Við 12. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Röng skýrslugjöf eða framlagning rangra eða villandi gagna og röng upplýsingagjöf látin í té í því skyni að fá ívilnun á aðflutningsgjöldum samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar, svo og misnotkun ívilnunar sem veitt hefur verið samkvæmt þeim, getur m.a. varðað við 126. gr. og 130. gr. tollalaga.

4. gr.

13. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Telji innflytjandi ákvörðun tollstjóra, er varðar heimild til tímabundins tollfrjáls innflutnings samkvæmt reglugerð þessari, eigi rétta, getur hann óskað eftir úrskurði tollstjóra með því að senda honum skriflega kæru, studda nauðsynlegum rökum og gögnum, innan 60 daga frá því er ákvörðun tollstjóra lá fyrir. Tollstjóri skal kveða upp rökstuddan úrskurð innan 30 daga frá því er gagnaöflun er lokið. Innflytjanda skal sendur úrskurður í ábyrgðarbréfi og honum bent á heimild til að kæra úrskurð til ríkistollstjóra, sbr. 2. mgr.

Úrskurði tollstjóra skv. 1. mgr. verður skotið til ríkistollstjóra innan 60 daga frá dagsetningu eða póstagningu úrskurðar. Kæra skal vera skrifleg og studd nauðsynlegum gögnum. Ríkistollstjóri skal úrskurða um kæru innan 30 daga frá því er hún barst honum. Úrskurður ríkistollstjóra er fullnaðarúrskurður á stjórnáráðuneytinu.

IV. KAFLI

Breyting á reglugerð nr. 722/1997, um SMT-tollafrgreiðslu.

5. gr.

10. gr. reglugerðarinnar fellur brott.

6. gr.

2. mgr. 16. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Ríkistollstjóri rekur upplýsinga- og gagnamiðlun um tölvukerfi ríkistollstjóra gegn greiðslu þjónustugjalda. Þjónustugjöld skulu ákvörðuð í gjaldskrá sem ríkistollstjóri gefur út og skal birta hana í Lögbirtingablaði. Gjaldskráin skal taka mið af kostnaði við veitta þjónustu, m.a. við úrvinnslu gagna og flutning þeirra um upplýsingaveitur. Þjónustugjöld má innheimta með aðflutningsgjöldum.

7. gr.

17. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Um uppgjör og gjalddaga vegna greiðslufrests á aðflutningsgjöldum fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 390/1999, um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum.

V. KAFLI

Lagastoð og gildistaka.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 5. gr., 6. gr., 8. tölul. 14. gr., 1. mgr. 32. gr. og 148. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytinu, 30. október 2000.

F. h. r.
Árni Kolbeinsson.

Bergþór Magnússon.